

OPIÐ BRÉF**113**

19. maí

um að hans konunglega tign Knud prins af Danmörku, sé settur ríkisstjóri.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Það Vér höfum í hyggju að ferðast til útlanda og með því að hans konunglega tign ríkisarfi þá um leið dvelur erlendis, setjum Vér ríkisstjóra, samkvæmt 1. gr. í lögum nr. 25, 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn, er svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjarverandi, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga, son Vorn elskulegan, hans konunglegu tign prins Knud Christian Frederik Michael, og hefir hann ríkisstjórn á hendi í Voru nafni frá þessum degi, þangað til Vér komum heim aftur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

KONUNGLEG AUGLÝSING**114**

25. maí

um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vér erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til útlanda, kunngjörum Vér hérmeð Vorum kæru og trúu þegnum, að Vér höfum í dag sjálfur tekið við ríkisstjórninni, sem Vér 19. þ. m., samkvæmt 1. gr. í lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambands-

114
25. maí

laga, höfðum falið syni Vorum elskulegum, hans konunglegu tign prins Knud Christian Frederik Michael að hafa á hendi í fjarvist Vorri.

Gjört á Amaliuborg, 25. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

115
28. maí

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á lögum nr. 76 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að við athuganir í sambandi við stofnun sölufélags fiskframleiðenda, samkvæmt því sem ráð er fyrir gert í 2. málsg. 4. gr. laga 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., hafi það komið í ljós, að æskilegt væri að lækka nokkuð það lágmarksákvæði, sem þar er sett um þátttöku, og ennfremur að nauðsynlegt sé að kveða nokkuð nánar, en gert er í fyrnefndri lagagrein, á um það, hverjir geti verið þátttakendur í slíku félagi, og réttindi þeirra, svo og um íhlutunarrétt ríkisstjórnarinnar, jafnframt því að rýmkað yrði nokkuð um atkvæðisrétt einstakra meðlima félagsins. Þá er það og æskilegt, að ákveðið verði nánar um samstarf fiskimálanefndar og slíks sölufélags, einkum að því er varðar sölu saltfiskjar á nýja markaði, eða með breyttum verkunaraðferðum. Með því að svo er ástatt, sem að ofan segir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920, til þess að ráða bót á þessu.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

2. málsgrein 4. gr. nefndra laga orðist svo: Nú hefir félag fiskframleiðenda fengið löggildingu sem saltfiskútflýttjandi og hefir umráð yfir 65% eða meiru af saltfiskframleiðslu landsmanna og getur þá atvinnumálaráðherra ákveðið að veita því útflutningsleyfi fyrir jafnháum eða hærri hundradshluta af framleiðslunni og það hefir umráð yfir, en fullnægja skal félagið þeim skilyrðum, er hér fara á eftir, sé það eigi stofnað og starfrækt samkvæmt lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög: Félagið skal vera opið fiskframleiðendum